

**Afkomutilkynning frá Teymi hf.****Reykjavík, 8. maí 2007****1.602 m.kr. hagnaður eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi 2007****EBITDA 785 m.kr.****Hagnaður af áframhaldandi starfsemi 1.313 m.kr. fyrir skatta****Gengishagnaður vegna erlendra langtímaskulda 1.282 m.kr.****Söluhagnaður af eignarhlut í Securitas 439 m.kr. eftir skatt****Veltufjárhlutfall 1,51 þann 31. mars 2007****Eiginfjárhlutfall 27% þann 31. mars 2007**

Teymi hf. skilaði 1.602 m.kr. hagnaði á fyrsta ársfjórðungi ársins 2007. Sala á tímabilinu nam 4.812 m.kr., EBITDA hagnaður 785 m.kr., EBIT hagnaður 382 m.kr., gengishagnaður af erlendum langtímaskuldum nam 1.282 m.kr. í áframhaldandi starfsemi, hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi nam 201 m.kr.

Eignarhlutur í Securitas hf. var seldur á tímabilinu og miðaðist yfirtakan við 1. mars 2007. Innleystur söluhagnaður nam 535 m.kr. en 439 m.kr. eftir reiknaðan tekjuskatt. Fjárhæðir úr rekstri Securitas hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 28. febrúar 2007 koma fram sem aflögð starfsemi neðst í rekstrarreikningi ásamt söluhagnaði að frádregnum tekjuskattsáhrifum.

Tímabilið janúar til mars 2007 er annað tímabilið sem Teymi hf. birtir afkomu sína undir nafni félagsins. Af þessum sökum eru ekki birtar samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi og sjóðstreymi tímabilsins. Fjárhæðir í tilkynningu þessari miðast við áframhaldandi starfsemi nema annað sé tekið fram.

Í tilkynningu þessari og kynningu á afkomu félagsins eru birtar pro-forma upplýsingar úr rekstrarreikningum frá fyrri ársfjórðungum þ.e. 1., 2., 3. og 4. ársfjórðungi 2006 til samanburðar þar sem það á við.

**Helstu niðurstöður:**

- Sala nam 4.812 m.kr. og jókst um 12,1% frá sama tímabili árið áður (pro-forma).
- Gengishagnaður af langtímalánum nam 1.288 m.kr. í áframhaldandi starfsemi en samtals 1.371 m.kr.
- Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) nam 785 m.kr.
- Hagnaður fyrir vexti og skatta (EBIT) nam 382 m.kr.
- Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu 730 m.kr.
- Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagins Hands Holding nam 201 m.kr.
- Hagnaður fyrir reiknaðan tekjuskatt nam 1.313 m.kr.
- Reiknaður tekjuskattur nam 204 m.kr.
- Aflögð starfsemi skilaði 493 m.kr. hagnaði
- Hagnaður tímabilsins nam 1.602 m.kr.
- Handbært fé frá rekstri nam 201 m.kr.
- Veltufjárhlutfall var 1,51 þann 31. mars 2007
- Eiginfjárhlutfall var 27% þann 31. mars 2007

## Árni Pétur Jónsson, forstjóri

„Fyrsti ársfjórðungur 2007 var mjög viðburðarríkur hjá Teymi. Við seldum frá okkur eignarhlut í Securitas hf. og kröfuna sem við áttum á hendur Hands Holding hf. Vaxtasparnaður af þessum aðgerðum nemur rúmum 600 m.kr. á ári sem skiptir okkur mjög miklu máli sem og lækkun vaxtaberandi skulda. Í marsmánuði fór svo fram hlutafjárútbod að söluvirði 4 milljarðar króna og vorum við mjög ánægð með þær viðtökur sem útbodið fékk en talsverð umframeftirspurn skapaðist í því.

Reksturinn gekk vel á ársfjórðungnum og er velta samstæðunnar í takti við áætlanir okkar og EBITDA afkoma yfir áætlunum. Þá hefur gengisþróun krónunnar hjálpað okkur á ársfjórðungnum. Í kjölfar eignasölu og hlutafjárútbods erum við nú með mun sterkari efnahagsreikning en áður sem gerir okkur betur kleift að bæta afkomuna og að leita eftir vaxtartækifærum sem falla að rekstri okkar.”

## Árshlutareikningur Teymis hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2007

### Reikningsskilaaðferðir

Árshlutareikningur Teymis hf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðla nr. 34 (IAS 34) um árshlutareikningsskil.

### Starfspáttaskipting

Rekstri Teymis er skipt upp í tvo starfspætti; fjarskipti og upplýsingatækni. Undir fjarskiptahlutann falla Vodafone, Kall í Færeyjum, Mamma og SKO. Undir upplýsingatæknihlutann falla Kögun, Skýrr og EJS ásamt dótturfélögum þeirra félaga.

Þess ber að geta að fjárhæðir úr reikningum Securitas koma fram sem aflögð starfsemi, neðst í rekstrarreikningi, í uppgjöri fyrsta ársfjórðungs og munu gera það eftirleiðis í öllum samanburði. Securitas er hluti af samstæðureikningi Teymis út febrúar en yfirtökudagur samkvæmt kaupsamningi miðaðist við 1. mars 2007.

### Rekstrarreikningur

Tafla: Rekstrarreikningur janúar til mars 2007

Milljónir króna	jan-mar 07
Sala	4.812
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(3.168)
<b>FRAMLEGÐ</b>	1.644
Aðrar rekstrartekjur	30
Rekstrarkostnaður	(1.292)
<b>REKSTRARHAGNAÐUR (EBIT)</b>	382
Hreinar fjármagnstekjur (gjöld)	730
Áhrif hlutdeildarféлага	201
<b>(TAP)/HAGNAÐUR FYRIR SKATTA</b>	1.313
Tekjuskattur	(204)
<b>(TAP)/HAGNAÐUR af áframhaldandi starfsemi</b>	1.109
Aflög starfsemi (Securitas)	493
<b>(TAP)/HAGNAÐUR</b>	<u>1.602</u>
<b>EBITDA</b>	785

Rekstrartekjur námu 4.812 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2007 sem er aukning um 12,1% frá sama tímabili 2006 (pro-forma) en rekstrartekjur þá námu 4.292 m.kr.

Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig einstakir starfsþættir samstæðunnar hafa þróast tekjulega á undanförunum ársfjórðungum:

Tafla: Þróun tekna eftir starfsþáttum

Milljónir króna	Q1 2006	Q2 2006	Q3 2006	Q4 2006	Q1 2007	Samtals 2006
<b>Fjarskipti</b>	2.370	2.671	2.854	2.847	2.884	10.742
<b>Upplýsingatækni</b>	1.981	1.937	1.845	2.184	2.181	7.947
Jöfnunarfærslur	-59	-120	-180	-291	-252	-650
<b>Heildartekjur</b>	<b>4.292</b>	<b>4.488</b>	<b>4.519</b>	<b>4.740</b>	<b>4.812</b>	<b>18.024</b>

Rekstrartekjur fjarskiptahlutans hafa vaxið um 21,7% milli 1. ársfjórðungs árána 2006 og 2007. Rekstrartekjur upplýsingatæknihlutans hafa vaxið um 10,1%.

Hagnaður fyrir vextir og afskriftir (EBITDA) nam 785 m.kr. sem jafngildir 16,3% af rekstrartekjum.

EBITDA greinist á eftirfarandi hátt milli starfsþátta eftir ársfjórðungum:

Tafla: Þróun EBITDA eftir starfsþáttum

Milljónir króna	Q1 2006	Q2 2006	Q3 2006	Q4 2006	Q1 2007	Samtals 2006
<b>Fjarskipti</b>	610	675	725	615	564	2.625
<b>Upplýsingatækni</b>	274	206	220	190	292	890
Jöfnunarfærslur				-58	-72	-58
<b>EBITDA samtals</b>	<b>884</b>	<b>881</b>	<b>945</b>	<b>748</b>	<b>785</b>	<b>3.458</b>

Lækkun EBITDA hagnaðar í fjarskiptahlutanum í samanburði við fyrsta ársfjórðung 2006 skýrist einkum af auknum markaðskostnaði og gengisáhrifum vegna kostnaðar sem fellur til í erlendri mynt. Einnig kemur til að skipulag fjarskiptahlutans var með öðrum hætti fyrir einu ári. Að öðru leyti er stöðugleiki/vöxtur í EBITDA fjárhæðum og hlutföllum milli ársfjórðunga að teknu tilliti til óhjákvæmilegra árstíðasveiflna.

Rekstur upplýsingatæknihlutans gekk mjög vel á ársfjórðungnum og eru allar rekstrareiningar þar að standast áætlanir. Í Kögun er búið að fylla það skarð sem brotthvarf hersins skildi eftir sig. Hjá Skýrr stefnir í besta rekstrarár í sögu félagsins og EJS stendur mjög vel í harðri samkeppni.

Tafla: Þróun EBITDA hlutfalls milli ársfjórðunga

Milljónir króna	Q1 2006	Q2 2006	Q3 2006	Q4 2006	Q1 2007	Samtals 2006
<b>Fjarskipti</b>	610	675	725	615	564	2.625
<b>Upplýsingatækni</b>	274	206	220	190	292	890
Jöfnunarfærslur				-58	-72	-58
<b>EBITDA samtals</b>	<b>884</b>	<b>881</b>	<b>945</b>	<b>748</b>	<b>785</b>	<b>3.458</b>
<b>EBITDA %</b>	20,6%	19,6%	20,9%	15,8%	16,3%	19,2%

Tafla: Þróun EBITDA hlutfalls milli ársfjórðunga eftir starfsþáttum

	Q1 2006	Q2 2006	Q3 2006	Q4 2006	Q1 2007	Samtals 2006
<b>Fjarskipti</b>	25,7%	25,3%	25,4%	21,6%	19,6%	24,4%
<b>Upplýsingatækni</b>	13,8%	10,6%	11,9%	8,7%	13,4%	11,2%

## Vaxtagjöld

Hreinar fjármunatekjur námu 730 m.kr. á tímabilinu janúar til mars 2007. Gengishagnaður af erlendum langtímaskuldum nam 1.282 m.kr. Með sölunni á Securitas og kröfunni á hendur Hands Holding léttir verulega á vaxtabyrði samstæðunnar. Vegnir meðalvextir eru um 6,6%, að teknu tilliti til gjaldmiðlaskiptasamninga, miðað við lok mars 2007 en voru um 8% fyrir þessar aðgerðir. Áhrif breyttra vaxtakjara og lækkunar á skuldum eru þau að vaxtagjöld af vaxtaberandi skuldum lækka um rúmlega 50 m.kr. á mánuði eða um meira en 600 m.kr. á ársgrundvelli.

Af vaxtaberandi skuldum 31. mars 2007 voru 84% í erlendum myntum og 16% í íslenskum krónum þegar tekið er tillit til gjaldmiðlaskiptasamninga.

## Hands Holding

Teymi hf. á 48,7% eignarhluta í Hands Holding ehf. Rekstur Hands Holding var yfir áætlunum fyrir janúar til mars og nam hagnaður félagsins 411 m.kr. eftir skatta. Reiknuð hlutdeild í afkomu nam um 201 m.kr.

## Efnahagsreikningur

Tafla: Efnahagsreikningur 31. mars 2007

Milljónir króna			Breyting frá 31/12
	31/3 2007	31/12 2006	
Varanlegir rekstrarfjármunir	4.409	4.981	(572)
Óefnislegar eignir	17.682	20.064	(2.382)
Eignarhlutir í Hands Holding og krafa á það	2.820	5.303	(2.483)
Aðrir fastafjármunir	784	1.126	(342)
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>25.695</b>	<b>31.474</b>	<b>(5.779)</b>
Birgðir	499	497	2
Skammtímakröfur	5.076	4.184	892
Útistandandi hlutafé	1.210	0	1.210
Handbært fé	3.432	633	2.799
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>10.217</b>	<b>5.314</b>	<b>4.903</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>35.912</b>	<b>36.788</b>	<b>(876)</b>
Eigið fé	9.689	4.148	5.541
Langtímaskuldir	19.471	22.208	(2.737)
Skammtímaskuldir	6.752	10.432	(3.680)
<b>Skuldir samtals</b>	<b>26.223</b>	<b>32.640</b>	<b>(6.417)</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>35.912</b>	<b>36.788</b>	<b>(876)</b>

Helstu breytingar á efnahagsreikningi frá árslokum 2006 skýrast af eftiröldum atriðum:

- Sala á Securitas lækkar viðskiptavild um 2,7 ma og hækkar eigið fé um 0,4 ma
- Eigið fé var hækkað með hlutafjárútbóði að fjárhæð 4,0 ma
- Krafan á hendur Hands Holding var seld Landsbankanum fyrir 2,6 ma
- Vaxtaberandi skuldir lækkuðu um 5,4 ma frá áramótum vegna uppgreiðslu á lánum og jákvæðs gengismunar
- Gjaldalagi skuldabréfaútbóðs að fjárhæð 1,2 ma færir þá skuld úr langtímahluta yfir í skammtíma

Vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé og ógreiddu hlutafé námu í marslok 17,9 milljörðum króna. Eiginfjárhlutfall var 27% og veltufjárhlutall 1,51 þann 31. mars 2007.

## Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 201 m.kr., handbært fé frá fjárfestingum nam 2.278 m.kr. og handbært fé frá fjármögnunarahreyfingum nam 324 m.kr. Handbært fé í lok mars nam 3.432 m.kr. en 4.642 m.kr. þegar tekið hefur verið tillit til útistandandi hlutafjár sem var innborgað í apríl. Sala eignarhlutans í Securitas, kröfunnar á hendur Hands Holding og hlutafjárútbóð höfðu mikil áhrif á breytingar á handbæru fé ársfjórðungins.

Tafla: Sjóðstreymi janúar til mars 2007

Milljónir króna	jan-mars 2007
Handbært fé frá rekstri	201
Fjárfestingahreyfingar	2.278
Fjármögnunarhreyfingar	324
Breyting á handbæru fé	2.803
Gengismunur	(3)
Handbært fé frá fyrra tímabili	632
Handbært fé í lok tímabils	3.432

## Rekstraráætlanir 2007

Stjórnendur félagsins gera ráð fyrir að velta Teymis hf. verði á bilinu 19 til 20,5 milljarðar króna og EBITDA hagnaður verði á bilinu 3,7 til 4,1 milljarðar króna sem samsvarar um 19% EBITDA hlutfall.

## Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn á þriðjudaginn 8. maí kl. 16:30 að Skútuvogi 2. Þar munu Árni Pétur Jónsson forstjóri og Ólafur Þór Jóhannesson framkvæmdastjóri fjármálasviðs kynna afkomu félagsins.

Hægt er að nálgast upplýsingar eftir fundinn á heimasíðu félagsins, [www.teymi.is](http://www.teymi.is), á heimasíðu OMX Nordic Exchange á Íslandi, [omxgroup.com/nordicexchange](http://omxgroup.com/nordicexchange).

## Samþykkt reikninga

Stjórn Teymis hf. samþykkti árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið janúar til mars 2007 á stjórnarfundum þann 8. maí 2007.

## Birtingardagar fyrir reikningsárið 2007

Birtingardagar fyrir reikningsárið 2007:

- Annar ársfjórðungur 2007: 31. júlí 2007
- Þriðji ársfjórðungur 2007: 31. október 2007
- Fjórði ársfjórðungur og ársuppgjör 2007: 31. janúar 2008

## Frekari upplýsingar veita:

Árni Pétur Jónsson, forstjóri og  
Ólafur Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

í síma 595-5000.